

PERSÓNUVERNDARSTEFNA BRÁKARHLÍÐAR

Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, kt. 430371-0109, hér eftir nefnt Brákarhlíð eða heimilið, hlítir lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem tóku gildi þann 15. júlí 2018. Umrædd lög voru sett til innleiðingar og lögfestingar á almennu persónuverndarreglugerðinni (REGLUGERÐ EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/679, frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB).

Brákarhlíð leggur metnað í að tryggja trúnað og vernd þeirra persónuupplýsinga sem heimilið þarf að afla og vinna með í tengslum við starfsemi sína, þ.á.m. upplýsingar um íbúa, aðstandendur, starfsmenn, umsækjendur og aðra aðila sem heimilið á í samskiptum við.

Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að upplýsa þig um hvaða gögnum Brákarhlíð safnar, hvernig unnið er með slík gögn, hverjir hafa aðgang að gögnunum og hvernig þú getur nálgast frekari upplýsingar um persónuverndarmálefni heimilisins.

Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar, samkvæmt persónuverndarstefnu þessari, eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og til dæmis nafn, kennitölu, netauðkenni eða eins eða fleiri þátta sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Hvaða gögnum söfnum við og hvers vegna?

Þær persónuupplýsingar sem Brákarhlíð aflar eru meðal annars notaðar til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, svo sem um skráningu heilsufarsupplýsinga í sjúkraskrár, um veitingu tiltekinnar þjónustu til íbúa og annara einstaklinga, til að uppfylla kröfur vinnumarkaðsins gagnvart starfsfólki sínu o.s.frv.

Upplýsinga er einnig aflað í þeim tilgangi að standa við gerða samninga við einstaklinga, svo sem ráðningarsamninga við starfsfólk.

Brákarhlíð kappkostar að bæta öryggi og lífskjör heimilismanna og í þeim tilgangi er vinnsla persónuupplýsinga oft nauðsynleg. Heimilið leggur áherslu á að upplýsa alla hlutaðeigandi um vinnslu persónuupplýsinga og afla upplýsts samþykkis þeirra í þeim tilvikum sem það á við.

Brákarhlíð kann einnig að safna og vinna með upplýsingar sem einstaklingar kjósa að láta heimilinu í té. Þetta geta til dæmis verið bréfaskrif með ábendingum eða athugasemdum frá íbúum, aðstandendum, umsækjendum eða öðrum aðilum sem heimilið á samskipti við eða upplýsingar sem kunna að berast heimilinu vegna starfsemi þess.

Dæmi um upplýsingar sem heimilið vinnur um einstaklinga í ofangreindum tilgangi:

- Almennar upplýsingar; svo sem nafn og heimilisfang.
- Samskiptaupplýsingar; svo sem símanúmer og netföng.
- Kennitala.
- Kyn.
- Víðtækar heilsufarsupplýsingar.
- Færni- og heilsumat.
- Upplýsingar um menntun og starfsferil.
- Stéttarfélagsaðild.
- Lífeyrissjóðsaðild.
- Launa- og kjaramál.
- Veikinda- og orlofsréttindi og nýting þeirra.
- Vinnustundir.
- Reikningsnúmer.
- Upplýsingar um aðstandendur; svo sem nöfn, símanúmer og netföng.

Hvaðan koma þær upplýsingar sem við vinnum með?

Að meginstefnu til koma upplýsingar sem Brákarhlíð vinnur með frá einstaklingum sjálfum. Í einhverjum tilvikum koma upplýsingarnar þó frá þriðja aðila. Sem dæmi má nefna heilbrigðisyfirvöld, lækna, skattayfirvöld, stéttarfélög, lífeyrissjóði, aðstandendur o.fl.

Hve lengi geymum við gögnin?

Brákarhlíð fellur undir ákvæði laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Þau gögn sem heimilið aflar í starfsemi sinni, þ.á.m. persónugreinanleg gögn, þarf heimilið því að varðveita í allt að 30 ár áður en það afhendir þau til viðeigandi skjalasafns.

Hverjir hafa aðgang að gögnunum?

Viðeigandi starfsmenn og stjórnendur Brákarhlíðar hafa aðgang að þeim gögnum sem safnað er um skráða einstaklinga. Samábyrgðaraðilar, eins og t.d. sjálfstætt starfandi lækna, hafa einnig aðgang að tilteknum gögnum. Þá þurfa vinnsluaðilar heimilisins að hafa aðgang að ákveðnum gögnum, það geta verið upplýsingatæknifyrirtæki, lyfjapjónustur, bókhaldspjónustur o.fl. Ennfremur er Brákarhlíð skylt að skila tilteknum upplýsingum til ríkisstofnana, svo sem embætti landlæknis, færni- og heilsumatsnefnda, Sjúkratrygginga Íslands, Ríkisskattstjóra o.fl.

Brákarhlíð nýtir aldrei persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem þeirra var aflað til.

Hvernig tryggjum við öryggi gagna?

Brákarhlíð leitast við að vernda persónuupplýsingar með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum. Dæmi um slíkar ráðstafanir eru aðgangsstýringar að kerfum, skýrar verklagsreglur og þjálfun starfsfólks.

Vefsíður og vafrakökur

Vafrakökur eru smáar textaskrár sem eru geymdar á tölvu þinni eða snjalltæki í mislangan tíma. Vefsíða Brákarhlíðar notar skammlífa vafraköku sem er nauðsynleg fyrir virkni síðunnar. Umrædd vafrakaka lifir eingöngu á meðan vefsvæði er opið í vafra.

Nánari upplýsingar

Brákarhlíð hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa sem mun hafa umsjón og eftirlit með persónuverndarmálum heimilisins. Óskir þú eftir frekari upplýsingum um persónuverndarstefnu þessa eða hvernig heimilið vinnur með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband við persónuverndarfulltrúa. Samskiptaupplýsingar hans er að finna hér að neðan:

Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir
personuvernd@samtok.is
sími 5600201

Endurskoðun

Persónuverndarstefna þessi er endurskoðuð reglulega og kann að vera uppfærð eða taka breytingum í samræmi við breytingar á lögum eða reglugerðum eða vegna breytts verklags um vinnslu persónuupplýsinga innan heimilisins.

Persónuverndarstefna þessi var samþykkt af stjórn Brákarhlíðar 06.12.2018